



104. aðalfundur Fáks

Félagsheimilinu 16. maí 2023 kl. 20.00

1. Fundur settur

Hjörtur Bergstað formaður Fáks setti fundinn og minntist látinna félaga.

2. Kosning starfsmanna

Formaður lýsti ánægju sinni með góða mætingu félagsmanna á fundinn og tilnefndi því næst Þormóð Skorra Steingrímsson sem fundarstjóra. Fundurinn samþykkti með lófaklappi.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og tilnefndi Hildu Karen Garðarsdóttur fundarritara og samþykkti fundurinn það sömuleiðis með lófaklappi.

3. Lögmæti fundarins

Fundarstjóri fór yfir lögmæti fundarins og skýrði frá því að til hans hefði verið boðað á eftirfarandi hátt:

- 26. apríl 2023 á vefsíðu félagsins.
- 27. apríl 2023 á fésbókarsíðu félagsins.

Fundarmenn gerðu engar athugasemdir við boðun fundarins. Samkvæmt lögum Fáks, skal boða til aðalfundar með minnst tveggja vikna fyrirvara. Um fimmtíu manns sóttu fundinn en til að fundur teljist lögmætur þurfa minnst 30 félagar að sitja hann.

4. Skýrsla stjórnar

Formaður lagði fram og skýrði skýrslu stjórnari um starfsemi félagsins á liðnu ári. Starf með hefðbundnum hætti en að auki var halddið upp á afmæli félagsins með glæsilegri afmælishátið í Gullhömrum 24. apríl 2022. Skruðreið var haldin sama dag í miðbæ Reykjavíkur. Skruðreiðin ýtir undir jákvæða ímynd hestsins og mikið af fallegum myndum var til við þetta tilefni. Að auki er reiðin hin besta skemmtun fyrir áhorfendur og þátttakendur.

Herrakvöld og kvennakvöld voru hefðbundin, góðir fjárlunarviðburðir sem gengu vel og voru hin mestu skemmtu fyrir félagsmenn.

Stórsýning Fáks var með stærra móti í tilefni 100 ára afmælisins og var 26. mars haldinn hátiðlegur sem *Dagur reiðmennskunnar*. Þar voru kennslusýningar og fræðsla reyndra reiðkennara og knapa allan daginn og um kvöldið fór árleg stórsýning Fáksmanna fram með tilheyrandi stemningu og gleði.

Fákur var gestgjafi 63. landsþings Landssambands hestamannafélaga dagana 4. – 5. nóvember 2022. Þingið var halddið í félagsheimilinu og var dagskrá þess hefðbundin og gekk vel fyrir sig og var féluginu sómi að þinginu.

Mótahald var með hefðbundnum hætti. Gæðingamót og úrtaka fyrir Landsmót var halddið og stóðu gæðingar félagsins sig vel á Landsmóti hestamanna á Hellu. Við hestamenn þurfum að passa upp á þetta keppnisform sem gæðingakeppnin er. Reykjavíkurmeistaramót var gríðarlega stórt, á því eru fleiri þátttakendur heldur en í keppni á landsmóti. Árangur Fáksfélaga frábær, sterkasta móts ársins. Sjálfboðaliðarnir okkar eru frábær hópur sem við erum stolt af.



Veturinn og snjómokstur – erum heppin að eiga traktorinn, því við getum mokað reiðstígana okkar sjálf en þó ekki rutt vegina. Þökkum Halldóri fyrir moksturinn.

Almannadalur – höfum leitað eftir stuðningi frá borginni við framkvæmdir þar. Gjaldkerinn okkar hún Hlíf hefur borið þungan af þeim bréfaskriftum og fundum sem það hefur kostað og mjakað málínus áfram, þökkum henni þau góðu störf.

Reiðskólarnir starfa ennþá tveir í dalnum. Það er mikilvægt fyrir okkur og nýliðun í félagini.

Fræðslunefnd og æskulýðsnefnd halda úti frábæru starfi með námskeiðum og fleiri viðburðum. Æskulýðsnefnd fór til að mynda í óvissuferð og þessar nefndir vinna vel með reiðkennurum og fleirum að ýmis konar fræðslu fyrir félagsmenn á öllum aldri.

Reiðveganefnd vinnur ötult starf og verið að vinna leiðir í Trippadal og viðhalda öðrum leiðum. Ný leið í Heiðmörk er á teikniborðinu sem og nýjar brýr yfir Elliðaárnar.

Salaleiga hefur tekið við sér eftir Covid-19, nánast hver einasta helgi er bókuð fram á haust. Verið að dytta að félasheimilinu.

Formaður þakkar starfsmönnum, stjórn og sjálfboðaliðum fyrir veturinn og segist hafa gaman að starfinu í félagini.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og hlaut klapp fundarmanna fyrir góða skýrslu um starf félagsins.

5. Ársreikningur

Hlíf Sturludóttir gjaldkeri kynnti reikninga félagsins fyrir árið 2022. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár var jafnframt lögð fram.

Fundarstjóri gaf orðið laust um reikninga félagsins.

- Spurning úr sal: Eign í LM2018, er þetta hlutafé? Og hvernig kom LM2018 út?
Gjaldkeri svarar að þetta væri hlutafé, sjá skýringu 14 í ársreikningi. Þar er krafa sem greidd er til félagsins eftir að uppgjör milli Fáks og LM2018 átti sér stað. Þetta er fært niður í rekstrarreikningi. Þannig að LM2018 skuldar Fáki 6 milljónir sem þyrfti að greiða næst þegar félagið fer í rekstur.
Hjörtur formaður: 11 milljóna króna hagnaður var á LM2018. 6 milljónir fóru til LH. Fengum seint komna reikninga eftir það. Þannig að niðurstaða mótsins var í kringum núllið.
- Sigurbjörn Bárðarson: vill þakka gjáldkera vel unnin störf.

Fundarstjóri bar ársreikning undir atkvæði fundarins og var hann samþykktur samhljóða.

6. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

7. Kosningar

Úr stjórn gengu:

- Árni Geir Norðdahl Eyþórsson



- Hlíf Sturludóttir
- Sigurbjörn Jakob Þórmundsson

Framboð til stjórnar voru eftirfarandi:

- Hjörtur Bergstað til formanns.
- Ólöf Guðmundsdóttir til gjaldkera.
- Sigrún Valdimarsdóttir til meðstjórнanda
- Vilfríður Sæþórsdóttir til meðstjórнanda.

Framboð til endurskoðenda:

- Sæþór Fannberg
- Rakel Sigurðardóttir

Engin mótframboð bárust og voru því frambjóðendur sjálfkjörnir við lófatak fundarins.

8. Ákvörðun árgjalds

Formaður talaði fyrir stjórn og lagði til hækkur úr 17.500 kr í 19.500 kr. Fundarstjóri gaf orðið laust um málið.

- Ragnheiður Ásta bað um orðið og sprýr um hækjunina: Hvað er það sem hækkar? Hjörtur svarar: rekstrarkostnaður, snjómokstur o.fl.
- Spurning úr sal: Hvað eru margir skráðir í Fák? Og hvað eru margir með hesta á svæðinu?
Hjörtur: 1339 skráðir félagar. Um 750 greiðandi félagar á aldrinum 18-69 ára. Við verðum sjálf að hvetja alla sem nota svæðið okkar að vera í féluginu.
- Sigrún Valdimarsdóttir sprýr: er gerð sú krafa að hesthúsaeigendur séu í Fáki?
Hjörtur: í Almannadal er það þinglýst krafa en ekki hér í Víðidal.
- Orri: í féluginu okkar er stórkostleg þjónusta og árgjaldið er alls ekki of hátt. Má ekki hvetja menn til að ganga í félagið og setja upp skilti sem höfðar til fólks á þann hátt?
Hjörtur: það er skilti þegar keyrt er inn í dalinn sem segir *Ertu félagi í Fáki?* Það er mikilvægt að við minnum fólk i okkar nærumhverfi á að vera í féluginu. Við berum öll ábyrgð á því.

Dagný: þegar við erum að sækja peninga til ríkisins eða borgarinnar, þá erum við að taka okkur niður, við erum færri en í raun. Ef við ætlum að vera þrýstihópur, þá verðum við að fá allan þann fjöldu fólks sem er á svæðinu okkar inn í félagið.

Þórir Örn Grétarsson: í hverri einustu lengju er fólk sem er ekki í féluginu. Þetta er til skammar og við þurfum að fara skipulega í að tala við hesthúsaeigendur og það er kominn tími til að fara í þetta átak.

Arnfríður sprýr: árgjaldið er töluvert hátt, er ekki nóg að einn úr fjölskyldu sé í féluginu?

Hjörtur: þrjú hesthúseigendafélög gæta hagsmuna eigenda á svæðinu. Markmið Fáks er að hlúa að félagsmönnum með uppbyggingu reiðvega, fræðslustarfs, nefnda- og viðburðastarfs. Það verður erfiðara og erfiðara að fá fólk til að vinna sjálfbóðastörf. Viljum gera meira fyrir okkar félagsmenn en það kostar vissulega peninga.

Ragnheiður Ásta: kynnti textann *Hvað gerir Fákur fyrir þig?* og sprýr hvernig gangi með þessi atriði. Þetta séu góðir punktar.

Hjörtur: það má alltaf gera betur, við þurfum sjálf að taka til hendinni í féluginu okkar og ekki bíða eftir því að aðrir geri hlutina fyrir okkur. Við þurfum að spryrja okkur hvað við getum gert fyrir félagsstarfið í Fáki.



Hjörtur:

Dagný: Kjarnakonur, erum á reiðnámskeiði sem við borgum fyrir, töltslaufur. Það er ekki endilega sjálfgefið að við séum í sjálfboðastarfi líka. En svona félagsskapur býr til félagsanda.

Hjörtur: það skiptir okkur máli, við náum Fáksmönnum saman og þannig getum við fundið leiðir til að virkja félagsmenn og hvort annað til góðra verka.

Jóhann Ólafsson: enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur. Svæðið okkar er sambærilegt við golfklúbb hvað uppbyggingu og kostnað varðar. Ég hefði gjarnan viljað tvöfalta félagsgjaldið. Var í Spretti áður og er nokkuð viss um að hestamannafélög á höfuðborgarsvæðinu fá aðeins brot af því sem önnur íþróttafélög fá. Ég legg til að sett verði á laggirnar nefnd, sem fer í borgina, fær gögn um það hvað íþróttafélögin fá frá borginni og sýna þannig fram á misrämið.

Sæþór: við hestamenn borgum skatta af okkar eignum í hestamennskunni, fasteignaskatta af húsunum okkar. Borgum mikla skatta til borgarinnar og ættum því að fá meiri styrki frá henni til baka.

Hjörtur: höfum verið í samtali við ÍBR um hvernig best er að snúa sér í því að sækja um styrki til borgarinnar. Við getum gert enn betur og stefnum að því.

Erla: hver var heildarstyrkur frá borginni á síðasta ári?

- i. Reiðhöll 17-18 milljónir
- ii. Vellir 1,5 – 2,0 milljónir
- iii. Æskulýðsmál – 3,5 milljónir
- iv. Styrkur vegna fasteignagjalda
- v. Reiðvegir 5 milljónir
- vi. Samtals rúmar 30 milljónir

Jóhann: tilvalið að fá LH til að veita því forystu að afla þessara gagna frá sveitarfélögnum og gera þennan samanburð á landsvísu.

Hjörtur: ÍBR þing í haust, talað um handbolta, fótbolta, körfubolta. Hestamennska og aðrar íþróttir voru varla til. Við þurfum að koma sportinu okkar í umræðuna.

Hlíf: sagði frá fundi sem stjórnin átti með stjórn LH. Þá var þessi umræða í gangi, hvernig ætti að sækja fé. Hestamennska er í ímyndarvanda, ímyndin um fulla karlinn á hestbaki er enn við lýði. Íþróttin verður að vera í forgrunni og áherslan á hana.

Fundarstjóri bar hækkun félagsgjalda upp til atkvæða og var hækkunin samþykkt með meirihluta atkvæða. Einn var á móti og einn sat hjá.

9. Önnur mál

Landsmót 2024- Hjörtur formaður tók til máls.

Landsmót 2024 hefur verið mikið rætt. Formaður fékk símtal frá formanni framkvæmdanefnar um að halda sameiginlegt Landsmót með Spretti sumarið 2024. Svaraði játandi en nefndi hins vegar að hann væri ekki með umboð félagsmanna til að taka ákvörðun um málið. LH samþykkir að Sprettur ræði við Fák og samþykkt var að viðræðurnar færu fram undir forystu formanns LH og formanns LM ehf. Fyrsti fundur var í dag 16. maí þar sem breifað var á þessum hlutum. Í millitíðinni hitti formaður borgarstjórn og leitaði eftir fjárhagslegum styrk þaðan. Fákur þarf um 30 milljónir til að gera svæðið tilbúið fyrir mótt næsta summar og erum við komin með vilyrði fyrir þessum fjármunum. Það yrði stofnað félag sem myndi leigja svæðið til mótabaldsins. Formaður biður formlega um stuðning aðalfundar til að fara í þessar viðræður.



Haraldur spyr hvort mótið verði haldið í samstarfi Fáks og Spretts? Hjörtur svarar þannig að Sprettarar séu með mótið í dag. Kannski væri þægilegast fyrir okkur að við tækjum mótið alveg. Ávinnungur Fáksmanna verður þó allaf viðhald og vinna á svæðinu okkar.

Sigurbjörn segir sjálfsagt að veita stjórn stuðning í þessar viðræður.

Fundarstjóri skýrir frá því að ef eitthvað kemur út úr viðræðunum, þá verður boðað til félagsfundar í Fáki.

Hilda Karen Garðarsdóttir spyr hvað Sprettur ætlað að leggja til?
Hjörtur: það er ekki ljóst á þessari stundu.

Jóhann Ólafsson: við eignum að styðja stjórnina í þessu, grípa tækifærið. Við höfum verið að gæla við að byggja reiðhöll og ættum að stilla framkvæmdum þannig upp við Reykjavíkurborg um uppbyggingu á þessu mannvirki og vígja höllina 2028 og halda Landsmót sama ár.

Hjörtur: þegar við sóttum um 2022 vorum við með fjármagn í hendi. Það að halda þetta mótt, má ekki rýra möguleika okkar á að halda mótið 2028.

Ragnar Ólafsson leggur til að leigja Spretti svæðið, þiggja tekjur frá borginni til að bæta svæðið. Fyrir félagsgjöldin er allt til alls, legg til að við bjóðum fólk að fá húsin lánuð yfir mótið.

Dagný: góðar fréttir að fá mótið á svæðið, hér er allt til alls, aðkoma, tjaldsvæði, bílastæði. Það er líka galin hugmynd að byggja upp tvö landsmótssvæði svo stutt frá hvort öðru. Tími til kominn að taka þessa umræðu.

Þórir Örn: höfum haldið Íslandsmótt með Spretti og það gekk vel.

Fundurinn samþykkti að veita stjórn stuðning í þessar umræður.

Þrautabraut- Orri, Dagný og Sigurbjörn:

Tillaga að verkefni til að mæta kröfum barna og unglings og einnig hins almenna reiðmanns. Vorum að horfa á stóra völlinn og okkur langar að leggja til að búin verði til þrautabraut inní stóra vellinum. Fákaþraut. Náttúrulegar þrautir, brekkur, undirbúa hestinn fyrir ýmislegt áreiti. Þrjár brautir: 800m Abraut, B braut 1200m, þriðja væri þá báðar saman. Ýmsar þrautir; hoppa yfir hindrun, fara upp og niður yfir brú, farið í gegnum tjald, undir slár knapinn beygir sig, stór dekk til að fara upp, fara uppá pall, brokkspírur, blaktandi strímlar, opna/loka hlíði, færa til hluti á baki, ríða niður „tröppur“, kerlaug full af vatni, vegasalt o.fl. Trek keppni í rauninni. Áreitið er mikið nú til dags og þetta myndi vera góð þjálfun fyrir alla sem ríða út í þettbýli.

Auðsóttir styrkir í þetta, stillt upp fyrir æskulýðinn. Við teljum að kríurnar eigi góða samleið með okkur.

Dagný: leggja áherslu á að friða annan hluta vallarins alveg þar sem kríuvarpið er, nýta hinn hlutann fyrir þetta.

Orri: þekkir vel kríurnar, passa ungana gríðarlega vel, þess utan eru þær rólegar. Þær sækja í manninn. Ef brautirnar eru afmarkaðar, þá munum við ekki skaða það, heldur vekja athygli



á kríuvarpinu á svæðinu okkar.
Viljum sjá þessa braut tilbúna í haust. Þetta er alvöru sýn.

Fundurinn klappaði fyrir þessari tillögu og samþykkir að sjá hana í framkvæmd.

Reiðvegamál

Dagný Bjarnadóttir segir frá því hvað er framundan hjá reiðveganefnd. Flest eru farin að ríða Trippadalsslaufnar nýju og einnig hefur nokkrum leiðum verið viðhaldið. Fákur fékk styrk frá LH til að laga leiðir á Víðidalssvæðinu. Fengum óvænt 1,5 milljónir til að gera leið sem fer meðfram vatninu inn í Heiðmörk og nýttum mótframlag frá borginni einnig. Þetta er vonandi bara byrjunin á fleiri leiðum inní Heiðmörk og við erum í góðu samtali við Skógræktarfélag Reykjavíkur.

Tvær nýjar brýr eru að koma á Elliðaárnar. Til stendur til að gera brú þar sem veiðislóðinn endar og tröppubrúin verður líka endurnýjuð. Erum að fylgjast með þessum framkvæmdum.

Tvöföldun á Suðurlandsvegi sem og á Breiðholtsbraut, erum einnig að fylgjast með þessum framkvæmdum.

Framkvæmdir eru viðhald á Víðidalssvæðinu og við klárum tenginguna inní Heiðmörk.

Hlíf: sprýr út í „trampólínbrekkuna“ í Norðlingaholtinu.

Dagný: það mál strandar á því að borgin þarf að kaupa land til að færa reiðleiðina. Við breytingar á Breiðholtsbraut mun þetta breytast.

Magrét: þakkar reiðveganefnd frábært starf.

11. Fráfarandi stjórnarmönnum þakkað

Formaður þakkar fráfarandi stjórnarmönnum fyrir góð kynni og samstarf í stjórn Fáks síðustu árin og kveður þau með blómum.

Hjörtur þakkar sömuleiðis Sigurbirni Magnússyni fyrir góð störf fyrir félagið í gegnum tíðina og veitti Hlíf kona hans, málverki viðtöku fyrir hans hönd, sem þakklætisvott fyrir sín góðu störf.

12. Fundi slitið

Fundarstjóri bað um leyfi fundarins til að ganga frá fundargerð með ritara fundarins og voru engin andmæli við því.

Formaður þakkar starfsmönnum fundarins fyrir störfin og býður fundargestum að þiggja kaffi og veitingar.

Fundi er slitið 22:00

Þormóður Skorri Steingrímsson, fundarstjóri

Hilda Karen Garðarsdóttir, fundarritari,